# 8. bekkur - Foldaskóli 2025-2026

**Kennsluáætlun – íslenska**
**(með fyrirvara um breytingar)**

**Kennarar: Birkir Freyr Jóhannesson, Elín Heiður Gunnarsdóttir, Erla Júlíusdóttir og Karen Björk Guðjónsdóttir.**

**Í íslensku á unglingastigi skiptast færniþættir í talað mál, hlustun og áhorf, lestur, lesskilning og bókmenntir, ritun og málfræði og falla hæfniviðmið undir þessa þætti. Hæfniviðmið eru þjálfuð með fjölbreyttum kennsluaðferðum og vinna nemendur margvísleg verkefni til námsmats, jafnt einstaklingsverkefni sem og verkefni unnin í pörum og hópum. Hæfniviðmið í töluðu máli, hlustun og áhorfi, í lestri og bókmenntum, í ritun og í málfræði eru unnin í lotum. Lesskilningur og stafsetning verða þjálfuð aukalega með verkefnum samhliða lotum. Notast verður við rafræna málfarsbanka samhliða vinnu eftir þörfum.**

## Haustönn

| Hæfniviðmið – Nemandi: | Lotur - viðfangsefni | Námsmat |
|---|---|---|
| • Hefur góðan lesskilning, getur greint milli aðal- og aukaatriða í texta og getur gert grein fyrir framvindu frásagnar – Íslendingasögur, próf<br>• Hefur góðan lesskilning, getur greint milli aðal- og aukaatriða í texta og getur gert grein fyrir framvindu frásagnar – Íslendingasögur, lokaverkefni | Kjalnesingasaga<br>• Sagan lesin í tímum<br>• Verkefni unnin samhliða lestrinum | Eitt próf úr allri sögunni<br>Lokaverkefni eftir lestur sögunnar<br>• Teiknimyndasaga<br>• Viðtal<br>• Persónulýsingar<br>• Stuttmynd |

| | | |
|---|---|---|
| • Getur skapað og túlkað skriflega persónur, sögusvið og söguþráð í ákveðnum stíl – Íslendingasögur, lokaverkefni<br>• Getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasið – Íslendingasögur, lokaverkefni (val)<br>• Hefur góðan orðaforða og vandar málfar og stafsetningu – Íslendingasögur, lokaverkefni (val) | | |
| • Þekkir helstu hugtök tengd bragfræði - bragfræðipróf | Bragfræði<br>• Bragfræði fyrir unglingastig grunnskóla eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson (námshefti frá kennara)<br>• Valin ljóð<br>• Ljósrit<br>• Kveikjur - kafli 9 | Próf í bragfræði |
| Orðarún – samræmt mat á lesskilningi<br>• Staðlað próf og viðmið frá Menntamálayfirvöldum | • Ýmis verkefni í lesskilningi<br>• Tungufoss | Prófið Orðarún lagt fyrir |

# Vorönn

| Hæfniviðmið – Að nemandi geti: | Lotur - viðfangsefni | Námsmat |
|---|---|---|
| • Getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi – þjóðsögur, endursögn<br>• Getur gert útdrátt úr einföldum texta – þjóðsögur, endursögn<br>• Áttar sig á boðskap í þjóðsögum og ævintýrum og þekkir helstu einkenni þeirra – þjóðsögur, endursögn<br>• Hefur góðan orðaforða og vandar málfar og stafsetningu - þjóðsögugerð<br>• Getur skapað og túlkað skriflega persónur, sögusvið og söguþráð í ákveðnum stíl - þjóðsögugerð<br>• Kann að búa til og getur skipt texta í máls- og efnisgreinar og kann að búa til fyrirsögn sem hæfir efni - þjóðsögugerð | Þjóðsögur og ævintýri<br>• Gegnum holt og hæðir<br>• Kveikjur - kafli 1+5 | Námsmat:<br>• Endursögn (einst./parav.): Nemendur velja sér þjóðsögu/ævintýri til að endursegja fyrir framan bekkjarfélaga<br>• Ritun (einst./parav.): Nemendur búa til sína eigin þjóðsögu/ævintýri |
| • Hefur góðan orðaforða og vandar málfar og stafsetningu - heimildaritun | Heimildaritun<br>• Beinagrindur<br>• Um heimildavinnu | Ritunarverkefni<br>• Áhugavert dýr |

| | | |
|---|---|---|
| Getur nýtt sér heimildir, sett upp einfalda heimildaskrá og notað tilvísanir - heimildaritun<br>Kann að búa til og getur skipt texta í máls- og efnisgreinar og kann að búa til fyrirsögn sem hæfir efni - heimildaritun | | |
| Getur miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum – framsögn og rökfærsla<br>Getur skrifað texta í rökréttu samhengi með tilliti til inngangs, meginmáls og lokaorða - rökfærsluritun<br>Getur gert grein fyrir skoðun sinni í rituðu máli og rökstutt hana - rökfærsluritun | Framsögn og ritun<br>• Kveikjur<br>• Beinagrindur | Ýmis hópverkefni:<br>• Nemendur kynna sjálfa sig<br>• Nemendur kynna aðra nemendur<br>• Nemendur segja brandara<br>Lokaverkefni:<br>• Nemendur taka þátt í rökræðum um mismunandi málefni<br>• Nemendur skila einnig stuttri rökfærsluritun um sitt efni |
| Orðarún – samræmt mat á lesskilningi<br>Staðlað próf og viðmið frá Menntamálayfirvöldum | • Ýmis verkefni í lesskilningi | Orðarún lagt fyrir |

# Málfræðilotur - verða unnar inn á milli annarra lota jafnt og þétt yfir veturinn

| **Hæfniviðmið – Að nemandi geti:** | **Lotur - viðfangsefni** | **Námsmat** |
|---|---|---|
| - Þekkir nafnorð og getur greint kyn, tölu og fall og fundið stofn þeirra<br>- Þekkir lýsingarorð og getur greint kyn, tölu og fall og fundið stofn þeirra | Málfræðihefti<br>Malid.is – rafrænir orðabankar | Próf úr nafnorðum og lýsingarorðum |
| - Þekkir töluorð og fornöfn, þekkir undirflokka fornafna og getur greint kyn, tölu og fall þeirra | Málið í mark – fallorð<br>Malid.is – rafrænir orðabankar | Próf úr töluorðum og fornöfnum |
| - Getur greint sagnorð í persónu, tölu og tíð og þekkir ópersónuleg sagnorð | Málið í mark – sagnorð bls.1-20 | Próf úr sagnorðum:<br>• persóna, tala og tíð<br>• ópersónuleg sagnorð |

**Önnur verkefni:**

- **Yndislestur**
- **Ýmsir textar til að þjálfa lesskilning**
- **Stafsetningarvefur Ragnars Inga**
- **PALS - lestrarþjálfun**

**Eftirfarandi hæfniviðmið verða til þjálfunar í allan vetur en ekki metin sérstaklega í einstökum verkefnum:**

- Nemandi er virkur í kennslustundum og fer eftir fyrirmælum, leggur sitt af mörkum í hópavinnu og sýnir öðrum virðingu og tillitssemi í öllu starfi (verður metið í lok vetrar)
- Getur lesið fjölbreytta texta af öryggi og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa hverju sinni
- Getur eflt orðaforða og lesskilning
- Getur flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilega upplýsingar sem þar er að finna